



Seltjarnarnesi, 2. mars 2021

Heilbrigðisráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Efni: Umsögn um Drög að tillögu til þingsályktunar um lýðheilsustefnu til ársins 2030 nr. 47/2021.

Lyfjafræðingafélag Íslands (LFÍ) lýsir yfir ánægju með þingsályktunartillöguna í heild sinni en telur vanta áherslu á gæði og öryggi í lyfjamálum sem einn þátt lýðheilsu og svo fylgja megi eftir 3. mgr. 1. gr. Lyfjalaga nr.100/2000 en þar kemur fram:

„Það er jafnframt markmið með lögum þessum að tryggja eftir föngum gæði og öryggi lyfja og lyfjaþjónustu, auka fræðslu um lyfjanotkun, sporna við óhóflegri notkun og halda lyfjakostnaði í lágmarki.“

LFÍ bendir á mikilvægi aðkomu lyfjafræðinga hvað varðar fræðslu um forvarnir til almennings til dæmis í gegnum apótek sem eru hluti af heilbrigðiskerfinu. Lyfjafræðingar, sem sérfræðingar um lyf fylgja einnig eftir fræðslu um meðal annars rétta notkun lyfja og meðferðarhaldni þegar sjúklingar sækja lyf í apótek.

LFÍ bendir einnig á mikilvægi þátttöku klínískra lyfjafræðinga í teymisvinnu á sjúkrahúsum, heilsugæslum og öðrum heilsustofnunum sem þátt í að tryggja gæði og öryggi í ávísun og notkun lyfja.

LFÍ lýsir yfir áhuga á því að koma að því starfi að vinna nánar með ráðuneytinu við að koma áherslu á gæði og öryggi lyfja og lyfjaþjónustu inn í lýðheilsustefnu til ársins 2030.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Lyfjafræðingafélags Íslands,

Inga Lilý Gunnarsdóttir
Formaður Lyfjafræðingafélags Íslands